

**M-52/2011. Álit 15. desember 2011.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 15. desember 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-52/2011.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 3. maí sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að fá greiddan útlagðan kostnað að upphæð 38.882 kr. vegna viðgerðar á gölluðum ljósum sem keypt voru af seljanda.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 8. júlí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var seljanda veittur frestur til 22. s.m. til að koma á framfæri athugasemdum sínum. Með tölvupósti, dags. 8. júlí sl., óskaði seljandi eftir upplýsingum um greiðslukvittun fyrir kaupum á umræddum fjórum ljósum. Í kjölfarið var óskað upplýsinga hjá álitsbeiðanda varðandi kvittun fyrir kaupunum. Hins vegar hefur slík greiðslukvittun ekki fundist og samkvæmt tölvupósti seljanda, dags. 22. júlí sl., telur hann sig ekki geta komið á framfæri andsvörum í máli þessu þar sem ekki liggur fyrir hvenær ljósin voru keypt og þ.a.l. hvort þau séu enn í ábyrgð.

Þann 10. nóvember sl. bárust kæruneftnd enn frekari gögn frá álitsbeiðanda og voru þau send og var seljanda með bréfi, dags. 17. nóvember sl., veittur frestur til 1. desember sl. til að koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi þau gögn. Engar athugasemdir bárust hins vegar frá seljanda.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi bendir á að keypt hafi verið fjögur útiljós hjá seljanda sem voru sett upp og tengd af rafvirkja haustið 2010. Í janúar 2011 sló rafmagni út í húsi álitsbeiðanda í slæmu veðri og við athugun kom í ljós að ástæðu þessa mátti rekja til eins af framangreindum útiljósum. Var haft samband við rafvirkja sem taldi þetta stafa frá rafmangskapli og aftengdi hann þetta eina ljós og var ekkert aðhafst frekar í málinu að svo stöddu. Reikningur rafvirkjans fyrir þessa vinnu, dags. 31. janúar 2011, hljóðaði upp á 3.585 kr.

Álitsbeiðandi bendir svo á að í mars 2011 hafi öllu rafmagni í húsinu slegið aftur út og var í kjölfarið haft samband við rafvirkja. Kom þá í ljós að orsök þessa hafi legið í hinum útiljósunum. Eftir talsverða bilanaleit og vinnu rafvirkjans komst hann að því að pakkning í öllum fjórum útiljósunum hafi bráðnað frá hitanum af ljósunum og þar af leiðandi komst raki greiðlega að ljósunum og þau slógu út. Í kjölfarið aftengdi rafvirkinn ljósin og fór með þau til seljanda þar sem gert var við pakkninguna. Álitsbeiðandi bendir á að seljandi hafi gert við ljósin án þess að taka greiðslu fyrir þá viðgerð þar sem seljandi hafi viðurkennt að um galla í ljósunum væri að ræða. Eftir viðgerðina voru svo ljósin sett aftur upp af rafvirkjanum. Reikningur fyrir þessa vinnu af hálfu rafvirkjans, dags. 31. mars sl., var 35.297 kr.

Álitsbeiðandi bendir á að samanlagður útlagður kostnaður vegna framangreindrar vinnu rafvirkjans sé því alls 38.882 kr. Bendir álitsbeiðandi einnig á að þessi útgjöld hefðu ekki komið til ef umrædd ljós hefðu ekki verið haldin galla. Telur álitsbeiðandi að ekki sé rétt að hann beri umræddan kostnað vegna galla á ljósunum. Loks bendir álitsbeiðandi á að seljandi hafi þegar viðurkennt að umrædd ljós hafi verið gölluð.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi þegar ráðfært sig við fulltrúa Neytendasamtakanna á Akureyri sem hafi vakið athygli álitsbeiðanda á réttindum hans samkvæmt 30. gr. laga um neytendakaup, nr. 48/2003.

Með vísan til þessa gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi endurgreiði honum allan viðgerðarkostnað, alls 38.882 kr.

Í kjölfar athugasemda seljanda um að hvergi í gögnum málsins lægi fyrir greiðslukvittun, eða önnur staðfesting, fyrir kaupum á umræddum ljósum óskaði kærunefndin eftir því að álitsbeiðandi sendi á nefndina staðfestingu fyrir kaupum á umræddum ljósum, til stuðnings kröfu sinni. Í tölvupósti álitsbeiðanda, dags. 10. nóvember sl., segir að þrátt fyrir ítrekaða leit hafi ekki fundist greiðslukvittun fyrir umræddum fjórum ljósum. Hins vegar fylgdi með póstinum greiðslukvittum, dags. 16. apríl 2009, vegna kaupa á tveimur öðrum ljósum hjá seljanda. Bendir álitsbeiðandi á að einhverjum mánuðum síðar voru umrædd fjögur ljós keypt hjá seljanda en greiðslukvittun fyrir þeim kaupum hefur ekki fundist. Til viðbótar fylgdi umræddum tölvupósti yfirlýsing frá rafvirkja þeim sem framkvæmdi viðgerð á ljósunum fjórum fyrir álitsbeiðanda þar sem staðfest var að umrædd útiljós hafi verið keypt hjá seljanda. Þá er þar staðfest orsök bilunarinnar sem og að seljandi hafi viðurkennt galla varðandi umrædd ljós. Hins vegar liggur ekki fyrir önnur staðfesting á kaupum á umræddum fjórum ljósum.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í tölvupósti seljanda frá 8. júlí sl. er þess óskað að álitsbeiðandi framvísi afriti af greiðslukvittun fyrir kaupum á umræddum fjórum ljósum þar sem slík kvittun finnst ekki hjá seljanda, þ.e. greiðslukvittun sem gefin er út á nafn álitsbeiðanda. Í tölvupósti seljanda til kærunefndar frá 22. júlí sl. er sú beiðni ítrekuð og segir orðrétt í póstinum eftirfarandi:

*Til þess að geta gefið álit í máli þessu þyrftum við að fá nótuna sem sönnun þess að ljósin hafi verið í ábyrgð. Engin nóta með þessari vöru finnst í kerfinu okkar á nafni [álitsbeiðanda], ef þetta er staðgreiðslunóta þá er erfitt að gera sér grein fyrir því hvaða nótu er um að ræða vegna fjölda þeirra. Álit okkar á málinu eins og staðan er því einfalt, til þess að gera kröfu á okkur um ábyrgð á vörunni viljum við fá sönnun þess að hún sé í ábyrgð og hafi verið keypt hjá okkur.*

Ekki liggur fyrir frekari afstaða seljanda í máli þessu.

#### V

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög um neytendakaup.

Í máli þessu er deilt um hvort seljanda beri að bæta álitsbeiðanda þann kostnað sem hann hefur lagt út í vegna viðgerða á gallaðri vöru sem keypt var hjá seljanda, það er vinna vegna

lagfæringa á fjórum útiljósum. Í málinu liggja fyrir tveir reikningar frá Y, dags. 31. janúar sl. og 31. mars sl., alls að upphæð 38.882 kr.

Í 15. gr. laga um neytendakaup er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í b-lið 2. mgr. segir að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Í 30. gr. laga um neytendakaup er kveðið á um framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar. Þar segir í 1. mgr. ákvæðisins að úrbætur og ný afhending skulu fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.

Í 6. kafla neytendakaupalaga er fjallað um þau úrræði sem neytandi hefur ef söluhlutur reynist gallaður. Í 27. gr. laganna segir að neytandi þarf að tilkynna um gallann innan tiltekinna tímamarka til að geta beitt þeim úrræðum sem lögin tiltaka. Segir svo í 2. mgr. 27. gr.:

*Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.*

Í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að neytendakaupalögum segir m.a. eftirfarandi:

*Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.*

Fyrir liggur í máli þessu að álitsbeiðandi leitaði til seljanda eftir að umrædd fjögur útiljós biluðu í seinna skiptið, þ.e. í mars á þessu ári, og viðurkenndi seljandi að um galla væri að ræða í umræddum ljósum og var viðgerð á þeim framkvæmd álitsbeiðanda að kostnaðarlausu. Er því óumdeilt í máli þessu að umrædd fjögur útiljós voru haldin þeim galla sem getið er á um í álitsbeiðni. Kemur þá til skoðunar hvort álitsbeiðandi hafi fært sönnur á að kvartað hafi verið innan framangreindra tímamarka undan umræddum galla. Í 18. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um tímamark galla þar sem segir í 1. mgr. ákvæðisins að við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Tímamark þetta verður svo að túlka í samræmi við 27. gr. laganna þar sem kveðið er á um tilkynningarfrests vegna galla. Þannig ber neytanda að tilkynna um galla innan tveggja ára frá því að áhættan af söluhlut flyst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar, sbr. það sem á við í þessu máli. Í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins sem varð að neytendalögum segir m.a. eftirfarandi:

*Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um það hvernig seljandi getur sýnt fram á þetta. Ákvæðið hefur þó engin áhrif á þá meginreglu að það er neytandinn sem hefur sönnunarbyrðina fyrir að galli í skilningi 15. og 16. gr. frumvarpsins sé fyrir hendi.*

Samkvæmt framanrituðu er það því neytandi sem ber sönnunarbyrði fyrir því að söluhlutur sé haldinn galla, þ.m.t. bæði að galli sé fyrir hendi sem og varðandi önnur gögn sem styðja þá kröfu neytanda. Verður í ljósi þessa að gera þá kröfu að neytandi beri sönnunarbyrði að sannarlega sé tilkynnt um galla innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í neytendalögum og er það í samræmi við framangreinda meginreglu 18. gr. neytendalaga. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur álitsbeiðanda ekki tekist að leggja fyrir nefndina greiðslukvittun fyrir kaupum á umræddum fjórum ljósum og þess þá heldur dagsetningu varðandi þau kaup. Hefur álitsbeiðandi eingöngu lagt fram greiðslukvittun vegna kaupa á tveimur ljósum hjá seljanda en hins vegar liggja ekki fyrir sambærilegar kvittanir varðandi þau fjögur útiljós sem hér um ræðir í máli þessu.

Óumdeilt er að seljandi hefur viðurkennt að umrædd útiljós hafi verið haldin þeim galla sem lýst er í álitsbeiðni. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því í máli þessu að ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn varðandi kaup á umræddum fjórum ljósum og þá sér í lagi hvenær þau kaup áttu sér stað og hvort tilkynning um galla hafi verið borin fram innan þess frests sem lög um neytendakaup kveða á um. Í ljósi þess að sönnunarbyrði hvílir á álitsbeiðanda, sbr. það sem áður hefur komið fram, verður að telja að álitsbeiðandi beri halla af því ef mál telst ekki nægilega sannað.

Með vísan til framanritaðs er það mat kærunefndar að hafna beri kröfu álitsbeiðanda um að seljanda beri að greiða honum útlagðan kostnað að upphæð 38.882 kr. vegna viðgerðar seljanda á umræddum fjórum útiljósum.

## VI

### Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Lárus M.K. Ólafsson